

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meirihluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Stór munur er á gjaldtöku við ákveðin umferðarmannvirki á borð við jarðgöng, þar sem önnur leið er yfirleitt í boði og á veggjöldum við vegi inn í höfuðborgina. Höfuðborgin gegnir ákveðnu hlutverki sem miðstöð ýmissar þjónustu og ætti ekki að hefta aðgengi hluta landsmanna að henni með tollum.

Einnig eru margir sem vinna á höfuðborgarsvæðinu en búa utan þess vegna þess að þeir hafa ekki næg fjárráð til að sjá sér fyrir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Sú gjaldheimta sem fyrirhuguð er yrði íþyngjandi fyrir þann hóp og myndi rýra lífsgæði hans.

Augljóslega þarf að breyta gjaldheimtu eftir því sem rafbílum fjölgar. Enn sem komið er gengur þó mikill meirihluti bíla fyrir jarðefnaeldsneyti og hagnast ríkissjóður á álögum á bensín/olíu. Finna þarf sanngjarna leið t.d. þar sem breyttar álögur taka gildi hjá þeim sem skipta yfir í rafbíl en bætast ekki við önnur gjöld hjá þeim sem ekki hafa haft tök á því enn.

Undirritað: Kristín Þyri Þorsteinsdóttir, kt. 100977-3469